AUGLÝSING

um sérsviðasamning um mælitæki.

Hinn 22. apríl 1994 var skrifstofu Fríverslunarsamtaka Evrópu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna sérsviðasamnings um mælitæki sem gerður var í Genf 19. febrúar 1992. Samningurinn var gerður á grundvelli samnings frá 15. júní 1988 um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 14/1990, þar sem samningurinn er birtur, og 27/1990. Samningurinn öðlaðist gildi 1. júní 1994.

Samningurinn liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að honum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. maí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Nr. 31 10. maí 1995

AUGLÝSING

um samning um Svalbarða.

Hinn 30. maí 1994 var franska utanríkisráðuneytinu afhent aðildarskjal Íslands vegna samnings um Svalbarða sem gerður var í París 9. febrúar 1920. Alþingi hafði með ályktun 20. apríl 1994 heimilað aðild Íslands að samningnum. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 31. maí 1994.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. maí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um Svalbarða.

Hinir háu samningsaðilar,

sem viðurkenna fullveldisrétt Noregs yfir eyjaklasanum Svalbarða, þ.m.t. Bjarnarey, og óska þess að setja þessu landsvæði eðlilega stjórn í því skyni að tryggja þróun og friðsamlega nýtingu þess,

og hafa tilnefnt fulltrúa sína með fullu umboði í því skyni að gera samning þess efnis:

- - -

Eftir að hafa gefið út yfirlýsingu um fullt umboð sitt og það verið viðurkennt hafa þeir komist að eftirfarandi samkomulagi:

TREATY
concerning Spitsbergen

The Contracting Parties,

Desirous, while recognising the sovereignty of Norway over the Archipelago of Spitsbergen, including Bear Island, of seeing these territories provided with an equitable régime, in order to assure their development and peaceful utilisation,

Have appointed as their respective Plenipotentiaries with a view to concluding a Treaty to this effect:

- - -

Who, having communicated their full powers, found in good and due form, have agreed as follows:

1. gr.

Hinir háu samningsaðilar skuldbinda sig til að viðurkenna óskoraðan fullveldisrétt Noregs yfir eyjaklasanum Svalbarða, þ.e. Bjarnarey, öllum eyjum milli 10° og 35° austlægrar lengdar miðað við Greenwich og milli 74° og 81° norðlægrar breiddar, en helstar þeirra eru Vestur-Svalbarði, Nordostland, Barentsey, Edge-ey, Wiche-ey, Vonarey, Prince Charles Foreland, auk allra eyja, stórra og smárra, og kletta sem tilheyra þeim.

2. gr.

Skip og þegnar allra hinna háu samningsaðila skulu njóta jafns réttar til fiskveiða og dýraveiða á þeim landsvæðum sem tilgreind eru í 1. gr. og innan landhelgi þeirra.

Noregur hefur heimild til að viðhalda, framkvæma eða fyrirskipa viðeigandi aðgerðir til að tryggja, og ef nauðsyn krefur, að koma aftur í fyrra horf dýra- og jurtalífi á nefndum svæðum og innan landhelgi þeirra; þó skulu þessar aðgerðir ávallt eiga jafnt við um þegna hinna háu samningsaðila án nokkurra undantekninga, forréttinda eða ívilnana sem eru beint eða óbeint til hagsbóta fyrir einhvern þeirra.

Þeir ábúendur sem hafa fengið rétt sinn viðurkenndan samkvæmt ákvæðum 6. og 7. gr. hafa einkarétt til dýraveiða á landi sínu: (1) í nágrenni bústaða sinna, húsa, forðabúra, verksmiðja og mannvirkja sem reist hafa verið í því skyni að nýta landið, samkvæmt skilyrðum lögreglusamþykktar staðarins; (2) innan svæðis sem nær 10 kílómetra í allar áttir frá aðalstöðvum fyrirtækis þeirra eða verksmiðja; og í báðum tilvikum ávallt samkvæmt reglugerðum norsku ríkisstjórnarinnar í samræmi við þau skilyrði sem tilgreind eru í grein þessari.

3. gr.

Þegnar allra hinna háu samningsaðila skulu hafa jafnfrjálsan aðgang og aðgengi, sama hver ástæðan eða tilgangurinn er, að landhelgi, fjörðum og höfnum á þeim svæðum sem tilgreind eru í 1. gr.; þeim skal heimilt að stunda þar án nokkurrar hindrunar hvers konar starfsemi sem snertir sjávarútveg, iðnað, námugröft og verslun á fullkomnum jafnréttisgrundvelli, svo fremi þeir hlíti staðarlögum og reglugerðum.

Article 1

The High Contracting Parties undertake to recognise, subject to the full and absolute sovereignty of Norway over the Archipelago of Spitsbergen, comprising with Bear Island or Beeren-Eiland, all the islands situated between 10(and 35(longitude East of Greenwich and between 74(and 81(latitude North, especially West Spitsbergen, North-East Land, Barents Island, Edge Island, Wiche Islands, Hope Island or Hopen-Eiland, and Prince Charles Foreland, together with all islands great or small and rocks appertaining thereto.

Article 2

Ships and nationals of all the High Contracting Parties shall enjoy equally the rights of fishing and hunting in the territories specified in Article 1 and in their territorial waters.

Norway shall be free to maintain, take or decree suitable measures to ensure the preservation and, if necessary, the reconstitution of the fauna and flora of the said regions, and their territorial waters; it being clearly understood that these measures shall always be applicable equally to the nationals of all the High Contracting Parties without any exemption, privilege or favour whatsoever, direct or indirect to the advantage of any one of them.

Occupiers of land whose rights have been recognised in accordance with the terms of Articles 6 and 7 will enjoy the exclusive right of hunting on their own land: (1) in the neighbourhood of their habitations, houses, stores, factories and installations, constructed for the purpose of developing their property, under conditions laid down by the local police regulations; (2) within a radius of 10 kilometres round the headquarters of their place of business or works; and in both cases, subject always to the observance of regulations made by the Norwegian Government in accordance with the conditions laid down in the present Article.

Article 3

The nationals of all the High Contracting Parties shall have equal liberty of access and entry for any reason or object whatever to the waters, fjords and ports of the territories specified in Article 1; subject to the observance of local laws and regulations, they may carry on there without impediment all maritime, industrial, mining and commercial operations on a footing of absolute equality.

Þeir skulu með sömu skilyrðum um jafnrétti eiga rétt á að reka og stunda hvers konar fyrirtæki á sviði sjávarútvegs, iðnaðar, námugraftar og verslunar, jafnt á landi sem innan landhelginnar, og skal ekki komið á fót neins konar einokun í neinu skyni eða til hagsbóta neinu fyrirtæki.

Þrátt fyrir reglur um strandsiglingar sem kunna að vera í gildi í Noregi skulu skip á vegum hinna háu samningsaðila, sem eru á leið til eða frá þeim landsvæðum sem tilgreind eru í 1. gr. eiga rétt á að koma til norskra hafna á útleið eða heimleið í þeim tilgangi að taka um borð eða setja á land farþega eða farm á leið til eða frá nefndum landsvæðum eða í hvers konar skyni öðru.

Samkomulag er um að þegnar allra hinna háu samningsaðila, skip þeirra og vörur skuli að öllu leyti, og einkum hvað varðar útflutning, innflutning og umferð með viðkomu, vera undanþegnar hvers konar álögum eða takmörkunum sem ekki eru lagðar á þegna, skip eða vörur þjóða sem njóta bestu kjara í Noregi; norskir þegnar, skip eða vörur eru í þessu tilliti lagðar að jöfnu við þegna, skip og vörur annarra hárra samningsaðila og njóta ekki betri kjara að neinu leyti.

Engar álögur eða takmarkanir skulu lagðar á útflutning vara til landsvæða neins samningsaðila aðrar en þær eða umfram þær sem lagðar eru á svipaðar vörur sem fluttar eru út til landsvæðis annars aðildarríkis (þ.á m. Noregs) eða til annars ákvörðunarstaðar.

4. gr.

Allar almennar ritsímastöðvar, sem stofnaðar hafa verið eða stofnaðar verða af eða eru með leyfi norsku ríkisstjórnarinnar innan landsvæða þeirra sem tilgreind eru í 1. gr., skulu ávallt vera til reiðu fyrir boðskipti frá skipum allra þjóða og þegna hinna háu samningsaðila á fullkomnum jafnréttisgrundvelli samkvæmt skilyrðum alþjóðasamþykktar um ritsíma frá 5. júlí 1912 eða annarrar alþjóðasamþykktar sem kann að verða gerð í hennar stað.

Með fyrirvara um alþjóðlegar skuldbindingar, sem stafa af styrjaldarástandi, skal landeigendum ávallt vera heimilt að setja upp og nota í eigin þágu ritsímastöðvar sem frjálst er að hafa samband varðandi viðskipti einkaaðila við fastar eða hreyfanlegar ritsímastöðvar, þ. á m. þær sem eru um borð í skipum og flugvélum.

They shall be admitted under the same conditions of equality to the exercise and practice of all maritime, industrial, mining or commercial enterprises, both on land and in the territorial waters, and no monopoly shall be established on any account or for any enterprise whatever.

Notwithstanding any rules relating to coasting trade which may be in force in Norway, ships of the High Contracting Parties going to or coming from the territories specified in Article 1 shall have the right to put into Norwegian ports on their outward or homeward voyage for the purpose of taking on board or disembarking passengers or cargo going to or coming from the said territories, or for any other purpose.

It is agreed that in every respect and especially with regard to exports, imports and transit traffic, the nationals of all the High Contracting Parties, their ships and goods shall not be subject to any charges or restrictions whatever which are not borne by the nationals, ships or goods which enjoy in Norway the treatment of the most favoured nation; Norwegian nationals, ships or goods being for this purpose assimilated to those of the other High Contracting Parties, and not treated more favourably in any respect.

No charge or restriction shall be imposed on the exportation of any goods to the territories of any of the Contracting Powers other or more onerous than on the exportation of similar goods to the territory of any other Contracting Power (including Norway) or to any other destination.

Article 4

All public wireless telegraphy stations established or to be established by, or with the authorization of, the Norwegian Government within the territories referred to in Article 1 shall always be open on a footing of absolute equality to communications from ships of all flags and from nationals of the High Contracting Parties, under the conditions laid down in the Wireless Telegraphy Convention of July 5, 1912, or in the subsequent International Convention which may be concluded to replace it.

Subject to international obligations arising out of a state of war, owners of landed property shall always be at liberty to establish and use for their own purposes wireless telegraphy installations, which shall be free to communicate on private business with fixed or moving wireless stations, including those on board ships and aircraft.

5. gr.

Hinir háu samningsaðilar viðurkenna notagildi þess að stofna alþjóðlega veðurstöð á þeim landsvæðum sem tilgreind eru í 1. gr., en stofnun slíkrar stöðvar skal vera efni síðari samnings.

Einnig skulu gerðir samningar um þau skilyrði sem hlíta skal við vísindarannsóknir á nefndum svæðum.

6. gr.

Með fyrirvara um ákvæði þessarar greinar skal áunninn réttur þegna hinna háu samningsaðila viðurkenndur.

Með kröfur sem grundvallast á eignarhaldi eða ábúð lands fyrir undirritun þessa samnings skal farið samkvæmt ákvæðum meðfylgjandi viðauka sem hafa skal sama gildi og áhrif og þessi samningur.

7. gr.

Að því er varðar aðferðir við öflun, nýtingu og framkvæmd eignarréttar lands, þ.m.t. námuréttinda, á þeim landsvæðum sem tilgreind eru í 1. gr. skuldbindur Noregur sig til að veita öllum þegnum hinna háu samningsaðila meðferð sem byggist á fullkomnu jafnrétti og er í samræmi við ákvæði þessa samnings.

Eignarnámi má því aðeins beita að það þjóni almannahagsmunum og greiddar séu hæfilegar bætur.

8. gr.

Noregur skuldbindur sig til að setja reglur um námuvinnslu sem ná til þeirra landsvæða sem tilgreind eru í 1. gr., en í þeim skal, einkum hvað snertir hvers konar skatta og álögur, svo og almennar og sérstakar aðstæður á vinnumarkaði, útiloka hvers konar forréttindi, einokun eða ívilnanir til handa stjórnvöldum eða þegnum einhvers af hinum háu samningsaðilum, þ. á m. Noregs, og skal veita launuðu starfsfólki á öllum sviðum það endurgjald og þá vernd sem þeim er nauðsynleg til líkamlegrar, siðferðilegrar og andlegrar velferðar.

Sköttum, skyldum og gjöldum, sem lögð eru á, skal eingöngu varið í þágu nefndra landsvæða og skulu þau ekki nema hærri fjárhæð en þörf er á til þeirra nota sem þau eru ætluð.

Að því er varðar einkum útflutning jarðefna skal norsku ríkisstjórninni heimilt að leggja á útflutningsgjald sem skal ekki vera hærra en 1%

Article 5

The High Contracting Parties recognise the utility of establishing an international meteorological station in the territories specified in Article 1, the organisation of which shall form the subject of a subsequent Convention.

Conventions shall also be concluded laying down the conditions under which scientific investigations may be conducted in the said territories.

Article 6

Subject to the provisions of the present Article, acquired rights of nationals of the High Contracting Parties shall be recognised.

Claims arising from taking possession or from occupation of land before the signature of the present Treaty shall be dealt with in accordance with the Annex hereto, which will have the same force and effect as the present Treaty.

Article 7

With regard to methods of acquisition, enjoyment and exercise of the right of ownership of property, including mineral rights, in the territories specified in Article 1, Norway undertakes to grant to all nationals of the High Contracting Parties treatment based on complete equality and in conformity with the stipulations of the present Treaty.

Expropriation may be resorted to only on grounds of public utility and on payment of proper compensation.

Article 8

Norway undertakes to provide for the territories specified in Article 1 mining regulations which, especially from the point of view of imposts, taxes or charges of any kind, and of general or particular labour conditions, shall exclude all privileged, monopolies or favours for the benefit of the State or of the nationals of any one of the High Contracting Parties, including Norway, and shall guarantee to the paid staff of all categories the remuneration and protection necessary for their physical, moral and intellectual welfare.

Taxes, dues and duties levied shall be devoted exclusively to the said territories and shall not exceed what is required for the object in view.

So far, particularly, as the exportation of minerals is concerned, the Norwegian Government shall have the right to levy an export duty which

af hámarksverðmæti útfluttra jarðefna allt að 100.000 tonnum, en eftir það skal gjaldið fara stiglækkandi. Verðmætið skal ákveðið að loknu siglingatímabilinu með því að reikna út meðalverð vara frítt um borð sem fengist hefur.

Norska ríkisstjórnin skal kynna öðrum samningsaðilum drög að reglum um námuvinnslu þremur mánuðum áður en þær skulu öðlast gildi. Ef einn eða fleiri nefndra aðila leggja á þessum tíma fram tillögur um breytingu slíkra reglna áður en þeim er beitt skal norska ríkisstjórnin kynna þær öðrum samningsaðilum svo að unnt reynist að leggja slíkar tillögur fyrir nefnd, sem skipuð er einum fulltrúa hvers samningsaðila til skoðunar og ákvörðunar. Norska ríkisstjórnin skal kalla nefndina saman og skal hún komast að niðurstöðu innan þriggja mánaða frá fyrsta fundi hennar. Meirihluti ræður ákvörðunum hennar.

9. gr.

Með fyrirvara um þau réttindi og þær skyldur sem eru samfara inngöngu Noregs í Þjóðabandalagið skuldbindur Noregur sig til að reisa hvorki né leyfa uppbyggingu neinnar flotastöðvar á þeim landsvæðum sem tilgreind eru í 1. gr., né heldur að reisa nein varnarvirki á nefndum landsvæðum, en þau má aldrei nota í hernaðarskyni.

10. gr.

Rússneskir þegnar og fyrirtæki skulu njóta sömu réttinda og þegnar hinna háu samningsaðila þar til hinir síðarnefndu hafa viðurkennt ríkisstjórn Rússlands og heimilað Rússlandi þar með aðild að þessum samningi.

Kröfur, sem þeir eða þau kunna að gera á þeim landsvæðum sem tilgreind eru í 1. gr., skulu lagðar fram samkvæmt skilyrðum þessa samnings (6. gr. og viðauka) með milligöngu dönsku ríkisstjórnarinnar sem lýsir yfir vilja sínum til að veita aðstoð í þessu skyni.

Samning þennan skal fullgilda og eru enski og franski texti hans jafngildir.

Skjölum um fullgildingu skal komið til Parísar til vörslu svo fljótt sem unnt er.

shall not exceed 1% of the maximum value of the minerals exported up to 100,000 tons and beyond that quantity the duty will be proportionately diminished. The value shall be fixed at the end of the navigation season by calculating the average free on board price obtained.

Three months before the date fixed for their coming into force, the draft mining regulations shall be communicated by the Norwegian Government to the other Contracting Powers. If during this period one or more of the said Powers propose to modify these regulations before they are applied, such proposals shall be communicated by the Norwegian Government to the other Contracting Powers in order that they may be submitted to examination and the decision of a Commission composed of one representative of each of the said Powers. This Commission shall meet at the invitation of the Norwegian Government and shall come to a decision within a period of three months from the date of its first meeting. Its decisions shall be taken by a majority.

Article 9

Subject to the rights and duties resulting from the admission of Norway to the League of Nations, Norway undertakes not to create nor to allow the establishment of any naval base in the territories specified in Article 1 and not to construct any fortification in the said territories, which may never be used for warlike purposes.

Article 10

Until the recognition by the High Contracting Parties of a Russian Government shall permit Russia to adhere to the present Treaty, Russian nationals and companies shall enjoy the same rights as nationals of the High Contracting Parties.

Claims in the territories specified in Article 1 which they may have to put forward shall be presented under the conditions laid down in the present Treaty (Article 6 and Annex) through the intermediary of the Danish Government, who declare their willingness to lend their good offices for this purpose.

The present Treaty, of which the French and English texts are both authentic, shall be ratified.

Ratification shall be deposited at Paris as soon as possible.

Aðilum með stjórnarsetur utan Evrópu nægir að tilkynna ríkisstjórn lýðveldisins Frakklands með milligöngu sendierindreka sinna í París að þeir hafi fullgilt samninginn, en í því tilviki ber þeim að koma skjali þess efnis á framfæri svo fljótt sem unnt er.

Samningur þessi skal öðlast gildi, að því er ákvæði 8. gr. varðar, frá þeim degi þegar allir undirritunaraðilar hafa fullgilt hann; og að öllu öðru leyti sama dag og reglur um námuvinnslu sem sú grein gerir ráð fyrir.

Ríkisstjórn lýðveldisins Frakklands mun bjóða öðrum ríkjum að gerast aðilar að samningi þessum þegar hann hefur verið fullgiltur með tilhlýðilegum hætti. Ríki skulu gerast aðilar með tilkynningu til frönsku ríkisstjórnarinnar, en henni ber síðan að tilkynna það öðrum samningsaðilum.

Þessu til staðfestu hafa fyrrnefndir fulltrúar undirritað samning þennan.

Gjört í París, 9. febrúar 1920, í tvíriti og skal annað eintakið sent ríkisstjórn hans hátignar Noregskonungs og hinu skal komið í vörslu í skjalageymslu franska lýðveldisins; staðfest eftirrit verða send til annarra undirritunaraðila.

Powers of which the seat of the Government is outside Europe may confine their action to informing the Government of the French Republic, through their diplomatic representative at Paris, that their ratification has been given, and in this case they shall transmit the instrument as soon as possible.

The present Treaty will come into force, in so far as the stipulations of Article 8 are concerned, from the date of its ratification by all the signatory Powers; and in all other respects on the same date as the mining regulations provided for in that Article.

Third Powers will be invited by the Government of the French Republic to adhere to the present Treaty duly ratified. This adhesion shall be effected by a communication addressed to the French Government, which will undertake to notify the other Contracting Parties.

In witness whereof the abovenamed Plenipotentiaires have signed the present Treaty.

Done at Paris, the ninth day of February, 1920, in duplicate, one copy to be transmitted to the Government of His Majesty the King of Norway, and one deposited in the archives of the French Republic; authenticated copies will be transmitted to the other Signatory Powers.

VIÐAUKI

1. (1) Innan þriggja mánaða frá því að samningur þessi öðlast gildi skal ríkisstjórn kröfuhafa senda tilkynningu um allar landakröfur, sem hafa verið hafðar uppi gagnvart hvaða ríkisstjórn sem er áður en þessi samningur var undirritaður, þeim umboðsmanni sem falið hefur verið að rannsaka slíkar kröfur. Umboðsmaðurinn skal vera danskur dómari eða lögfræðingur sem hefur til að bera nauðsynlega færni til að leysa af hendi umbeðið starf, og skal hann tilnefndur af dönsku ríkisstjórninni.

(2) Í tilkynningunni skal koma fram nákvæm skilgreining á því landi sem krafa er gerð um og henni skal fylgja uppdráttur a.m.k. í stærðinni 1:1.000.000 þar sem landið sem krafan nær til er greinilega merkt.

(3) Með tilkynningunni skal fylgja greiðsla sem nemur einu pennýi fyrir hverja ekru (40 ara) af landi sem krafan nær til, til greiðslu kostnaðar við rannsókn krafna.

ANNEX

1. (1) Within three months from the coming into force of the present Treaty, notification to all claims to land which had been made to any Government before the signature of the present Treaty must be sent by the Government of the claimant to a Commissioner charged to examine such claims. The Commissioner will be a judge or jurisconsult of Danish nationality, possessing the necessary qualifications for the task, and shall be nominated by the Danish Government.

(2) The notification must include a precise delimitation of the land claimed and be accompanied by a map on a scale of not less than 1:1,000,000 on which the land claimed is clearly marked.

(3) The notification must be accompanied by the deposit of a sum of one penny for each acre (40 ares) of land claimed, to defray the expenses of the examination of the claims.

(4) Umboðsmaðurinn hefur rétt til að krefjast hvers konar frekari gagna eða upplýsinga frá kröfuhöfum sem hann telur nauðsynlegar.

(5) Umboðsmaðurinn tekur til athugunar þær kröfur sem tilkynning hefur borist um með framangreindum hætti. Í þessu skyni er honum heimilt að nýta sér aðstoð sérfræðinga eftir því sem hann telur nauðsynlegt, svo og að láta fara fram vettvangskönnun ef hann telur þörf á því.

(6) Danska ríkisstjórnin og ríkisstjórnir annarra hlutaðeigandi aðildarríkja semja um þóknun til handa umboðsmanninum. Umboðsmaðurinn ákveður þóknun til handa þeim aðstoðarmönnum sem hann telur nauðsynlegt að ráða til starfa.

(7) Eftir að umboðsmaðurinn hefur rannsakað gerðar kröfur gerir hann skýrslu þar sem hann tilgreinir nákvæmlega þær kröfur sem hann telur að taka beri til greina án tafar og þær sem hann telur að vísa eigi til gerðardóms, svo sem nánar er vikið að hér á eftir vegna þess að þær eru umdeildar eða af öðrum sökum. Umboðsmaðurinn sendir afrit af skýrslunni til hlutaðeigandi ríkisstjórna.

(8) Ef þær fjárhæðir sem lagðar eru fram samkvæmt ákvæðum 3. tl. þessarar málsgreinar nægja ekki til að greiða kostnað við rannsóknina ber umboðsmanninum, í öllum tilvikum þar sem hann er þeirrar skoðunar að krafa skuli viðurkennd, að tilkynna án tafar um þá viðbótarfjárhæð sem kröfuhafa ber að greiða. Fjárhæðin byggist á stærð þess lands þar sem eignarréttur kröfuhafa er viðurkenndur.

Ef þær fjárhæðir sem lagðar hafa verið fram samkvæmt ákvæðum 3. tl. þessarar málsgreinar eru hærri en nemur kostnaði við rannsóknina skal verja mismuninum til að greiða kostnað vegna gerðardóms sem nánar er vikið að hér á eftir.

(9) Innan þriggja mánaða frá dagsetningu skýrslunnar sem tilgreind er í 7. tl. þessarar málsgreinar skal norska ríkisstjórnin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að veita þeim kröfuhöfum, sem hafa fengið kröfur sínar viðurkenndar af umboðsmanninum, gilt vottorð um eignarrétt sem tryggir þeim óheftan eignarrétt á viðkomandi landi samkvæmt lögum og reglugerðum sem eru í gildi eða gilda skulu á þeim landsvæðum sem tilgreind eru í 1. gr. þessa samnings, svo og samkvæmt reglum um námuvinnslu sem vikið er að í 8. gr. þessa samnings.

Ef hins vegar reynist þörf fyrir frekari greiðslu samkvæmt ákvæðum 8. tl. þessarar málsgreinar

(4) The Commissioner will be entitled to require from the claimants any further documents or information which he may consider necessary.

(5) The Commissioner will examine the claims so notified. For this purpose he will be entitled to avail himself of such expert assistance as he may consider necessary, and in case of need to cause investigation to be carried out on the spot.

(6) The remuneration of the Commissioner will be fixed by agreement between the Danish Government and the other Governments concerned. The Commissioner will fix the remuneration of such assistants as he considers it necessary to employ.

(7) The Commissioner, after examining the claims, will prepare a report showing precisely the claims which he is of the opinion should be recognised at once and those which, either because they are disputed or for any other reason, he is of opinion should be submitted to arbitration as hereinafter provided. Copies of this report will be forwarded by the Commissioner to the Governments concerned.

(8) If the amount of the sums deposited in accordance with clause (3) is insufficient to cover the expenses of the examination of the claims, the Commissioner will, in every case where he is of opinion that a claim should be recognised, at once state what further sum the claimant should be required to pay. This sum will be based on the amount of the land to which the claimant's title is recognised.

If the sums deposited in accordance with clause (3) exceed the expenses of the examination, the balance will be devoted to the cost of the arbitration hereinafter provided for.

(9) Within three months from the date of the report referred to in clause (7) of this paragraph, the Norwegian Government shall take the necessary steps to confer upon claimants whose claims have been recognised by the Commissioner a valid title securing to them the exclusive property in the land in question, in accordance with the laws and regulations in force or to be enforced in the territories specified in Article 1 of the present Treaty, and subject to the mining regulations referred to in article 8 of the present Treaty.

In the event, however, of a further payment being required in accordance with clause (8) of

skal aðeins veitt vottorð um eignarrétt til bráðabirgða, en slíkt vottorð skal verða fullgilt þegar kröfuhafi greiðir, innan hæfilegs tíma sem norska ríkisstjórnin ákveður, þá viðbótarfjárhæð sem hann er krafinn um.

2. Þær kröfur, sem umboðsmaðurinn sem tilgreindur er í 1. tl. undanfarandi málsgreinar viðurkennir af einhverjum ástæðum ekki gildar, eru afgreiddar samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

(1) Innan þriggja mánaða frá dagsetningu skýrslunnar sem tilgreind er í 7. tl. undanfarandi málsgreinar, skal ríkisstjórn hvers þegns, sem lagt hefur fram kröfur er hafa ekki fengist viðurkenndar, tilnefna gerðardómsmann.

Umboðsmaðurinn skal vera forseti slíks gerðardóms. Ef atkvæði falla jöfn skal atkvæði hans ráða úrslitum. Hann tilnefnir ritara til að taka við þeim gögnum sem tilgreind eru í 2. tl. þessarar málsgreinar og gera nauðsynlegar ráðstafanir fyrir fund gerðardómsins.

(2) Innan eins mánaðar frá útnefningu ritara sem tilgreindur er í 1. tl. þessarar málsgreinar skulu viðkomandi kröfuhafar afhenda honum með milligöngu hlutaðeigandi ríkisstjórna, yfirlýsingu þar sem kröfur þeirra eru skilgreindar með greinilegum hætti ásamt þeim gögnum og röksemdafærslu sem þeir óska að leggja fram til stuðnings kröfunum.

(3) Innan tveggja mánaða frá útnefningu ritarans sem tilgreindur er í 1. tl. þessarar málsgreinar skal gerðardómurinn koma saman í Kaupmannahöfn í því skyni að taka til meðferðar þær kröfur sem honum hafa borist.

(4) Tungumál gerðardómsins skal vera enska. Aðilum sem hagsmuna hafa að gæta er heimilt að leggja fram gögn sín og röksemdafærslu á eigin tungumáli, en í slíkum tilvikum skal ensk þýðing fylgja.

(5) Kröfuhafar eiga rétt á, ef þeir óska, að tala máli sínu fyrir gerðardóminum, annaðhvort í eigin persónu eða með milligöngu lögmanns, og gerðardómurinn á rétt á að óska þess að kröfuhafar leggi fram til viðbótar þær skýringar, gögn eða röksemdafærslu sem hann telur nauðsynlegar.

(6) Áður en mál er lagt fyrir gerðardóminn skal hann krefjast þess af málsaðilum að þeir leggi fram fjárhæð eða tryggingu fyrir fjárhæð sem hann telur nauðsynlega til þess að greiða hluta hvers málsaðila af útgjöldum gerðardómsins. Við ákvörðun slíkrar fjárhæðar skal gerðardómurinn einkum hafa hliðsjón af stærð þess

this paragraph, a provisional title only will be delivered which title will become definitive on payment by the claimant, within such reasonable period as the Norwegian Government may fix, of the further sum required of him.

2. Claims which for any reason the Commissioner referred to in clause (1) of the preceding paragraph has not recognised as valid will be settled in accordance with the following provisions:

(1) Within three months from the date of the report referred to in clause (7) of the preceding paragraph, each of the Governments whose nationals have been found to possess claims which have not been recognised will appoint an arbitrator.

The Commissioner will be the President of the Tribunal so constituted. In cases of equal division of opinion, he shall have the deciding vote. He will nominate a Secretary to receive the documents referred to in clause (2) of this paragraph and to make the necessary arrangements for the meeting of the Tribunal.

(2) Within one month from the appointment of the Secretary referred to in clause (1) the claimants concerned will send to him through the intermediary of their respective Governments statements indicating precisely their claims and accompanied by such documents and arguments as they may wish to submit in support thereof.

(3) Within two months from the appointment of the Secretary referred to in clause (1) the Tribunal shall meet at Copenhagen for the purpose of dealing with the claims which have been submitted to it.

(4) The language of the Tribunal shall be English. Documents or arguments may be submitted to it by the interested parties in their own language, but in that case must be accompanied by an English translation.

(5) The claimants shall be entitled, if they so desire, to be heard by the Tribunal either in person or by counsel, and the Tribunal shall be entitled to call upon the claimants to present such additional explanations, documents or arguments as it may think necessary.

(6) Before the hearing of any case the Tribunal shall require from the parties a deposit or security for such sum as it may think necessary to cover the share of each party in the expenses of the Tribunal. In fixing the amount of such sum the Tribunal shall base itself principally on the extent of the land claimed. The

landsvæðis sem krafan nær til. Gerðardómurinn hefur einnig vald til að krefjast frekara framlags frá málsaðilum þar sem um er að ræða sérstök útgjöld.

(7) Þóknun til handa gerðardómsmönnum skal reiknuð út mánaðarlega og ákveðin af hlutaðeigandi ríkisstjórnum. Forseti gerðardómsins ákveður laun ritara og annarra starfsmanna gerðardómsins.

(8) Gerðardómurinn hefur fullt vald til að stjórna eigin málum samkvæmt ákvæðum þessa viðauka.

(9) Við meðferð krafna skal gerðardómurinn taka tillit til:

(a) reglna þjóðaréttar sem við eiga;
(b) meginreglna um réttlæti og sanngirni;

(c) eftirfarandi aðstæðna:
(i) dagsetningar þegar kröfuhafi eða þeir eignarréttarhafar sem á undan honum komu settust fyrst að á því landi sem krafan nær til;
(ii) dagsetningar þegar ríkisstjórn kröfuhafa barst tilkynning um kröfuna;
(iii) að hvaða marki kröfuhafi eða þeir eignarréttarhafar sem á undan honum komu hafa unnið og nytjað það land sem krafan nær til. Í þessu sambandi skal gerðardómurinn taka tillit til þess að hvaða marki kröfuhafar hafa verið hindraðir í að stunda starfsemi sína vegna aðstæðna og takmarkana af völdum stríðsins 1914-1918.

(10) Gerðardómurinn ákveður í hvaða hlutföllum öllum kostnaði við rekstur dómsins skal skipt milli kröfuhafa. Ef þær fjárhæðir sem greiddar hafa verið skv. 6. tl. þessarar málsgreinar eru hærri en nemur útgjöldum gerðardómsins skal mismuninum skilað til þeirra aðila sem hafa fengið kröfur sínar viðurkenndar og þá í þeim hlutföllum sem gerðardómurinn telur við hæfi.

(11) Gerðardómurinn tilkynnir hlutaðeigandi ríkisstjórnum úrskurði sína, þ. á m. norsku ríkisstjórninni í öllum tilvikum.

Norska ríkisstjórnin skal innan þriggja mánaða frá móttöku hvers úrskurðar gera nauðsynlegar ráðstafanir til að veita þeim kröfuhöfum sem fengið hafa kröfur sínar viðurkenndar af gerðardóminum gilt vottorð um eignarrétt á viðkomandi landi samkvæmt lögum og reglugerðum sem eru í gildi eða sem gilda skulu á þeim landsvæðum sem tilgreind eru í 1. gr. samnings

Tribunal shall also have power to demand a further deposit from the parties in cases where special expense is involved.

(7) The honorarium of the arbitrators shall be calculated per month, and fixed by the Governments concerned. The salary of the Secretary and any other persons employed by the Tribunal shall be fixed by the President.

(8) Subject to the provisions of this Annex the Tribunal shall have full power to regulate its own procedure.

(9) In dealing with the claims the Tribunal shall take into consideration:

(a) any applicable rules of International Law;
(b) the general principles of justice and equity;
(c) the following circumstances:
(i) the date on which the land claimed was first occupied by the claimant or his predecessors in title;

(ii) the date on which the claim was notified to the Government of the claimant;
(iii) the extent to which the claimant or his predecessors in title have developed and exploited the land claimed. In this connection the Tribunal shall take into account the extent to which the claimants may have been prevented from developing their undertakings by conditions or restrictions resulting from the war of 1914-1918.

(10) All the expenses of the Tribunal shall be divided among the claimants in such proportions as the Tribunal shall decide. If the amount of the sums paid in accordance with clause (6) is larger than the expenses of the Tribunal, the balance shall be returned to the parties whose claims have been recognised in such proportion as the Tribunal shall think fit.

(11) The decisions of the Tribunal shall be communicated by it to the Governments concerned, including in every case the Norwegian Government.

The Norwegian Government shall within three months from the receipt of each decision take the necessary steps to confer upon the claimants whose claims have been recognised by the Tribunal a valid title to the land in question, in accordance with the laws or regulations in force or the be enforced in the territories specified in Article 1, and subject to the mining regulations

þessa, svo og samkvæmt reglum um námuvinnslu sem vikið er að í 8. gr. samningsins. Slíkt vottorð skal þó aðeins verða fullgilt þegar viðkomandi kröfuhafi greiðir, innan hæfilegs tíma sem norska ríkisstjórnin ákveður, sinn hluta af útgjöldum gerðardómsins.

3. Þær kröfur, sem ekki eru tilkynntar umboðsmanninum samkvæmt ákvæðum 1. tl. 1. mgr. eða hann hefur ekki viðurkennt og hafa því ekki verið lagðar fyrir gerðardóminn samkvæmt ákvæðum 2. mgr., skulu teljast úr gildi fallnar.

referred to in Article 8 of the present Treaty. Nevertheless, the titles so conferred will only become definitive on the payment by the claimant concerned, within such reasonable period as the Norwegian Government may fix, of his share of the expenses of the Tribunal.

3. Any claims which are not notified to the Commissioner in accordance with clause (1) of paragraph 1, or which not having been recognised by him are not submitted to the Tribunal in accordance with paragraph 2, will be finally extinguished.

10. maí 1995 Nr. 32

AUGLÝSING

um samning um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands.

Hinn 29. júní 1994 var undirritaður í Kaupmannahöfn samningur milli Íslands, Noregs og Grænlands/Danmerkur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands. Alþingi hafði með ályktun 6. maí 1994 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samninginn. Samningurinn öðlaðist gildi 1. júlí 1994.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari, sameiginleg yfirlýsing varðandi framkvæmd samningsins sem fylgiskjal 2 og bókun sem fylgiskjal 3.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. maí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR
milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.

1. gr.

Aðilar skulu eiga samvinnu um verndun og nýtingu loðnustofnsins á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.

2. gr.

Aðilar skulu leitast við að ná samkomulagi um leyfilegan hámarksafla á loðnu fyrir hverja vertíð. Náist ekki samkomulag mun Ísland, sem sá aðili sem mestra hagsmuna hefur að gæta varðandi loðnustofninn, ákveða leyfilegan hámarksafla. Noregur og Grænland skulu þó ekki bundin af þeirri ákvörðun, sé hún bersýnilega ósanngjörn. Leitast skal við að ákveða fyrir 1. júní ár hvert leyfilegan hámarksafla til bráða-

AVTALE
mellom Grønland/Danmark, Island og Norge om loddebestanden i farvannene mellom Grønland, Island og Jan Mayen

Artikkel 1

Partene skal samarbeide om bevaring og forvaltning av loddebestanden i farvannene mellom Grønland, Island og Jan Mayen.

Artikkel 2

Partene skal søke å bli enige om den største tillatte totalfangst (TAC) for lodde for hver enkelt sesong. Hvis det ikke oppnås enighet, skal Island, som den Part som har den største interesse i loddebestanden, fastsette den største tillatte fangstmengde. Norge og Grønland skal imidlertid ikke være bundet av denne fastsettelse dersom den er åpenbart urimelig. Man skal innen 1. juni og 1. december hvert år, forsøke å fastsette